

Fréttatilkynning 04/2005

Dómur í sameinuðum málum E-5/04 – E-7/04 Fesil og Finnfjord og fleiri gegn Eftirlitsstofnun EFTA

Ríkisaðstoð í formi undanþágu frá umhverfissköttum – Fyrirmæli um að ríki skuli endurheimta veitta ríkisaðstoð

Í dómi sem kveðinn var upp í dag komst EFTA-dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefði ekki brotið gegn samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningnum) þegar hún tók þá ákvörðun að undanþágur frá rafmagnsskatti sem veittar voru náma- og framleiðsluðnfyrirtækjum í Noregi fælu í sér ólögmeta ríkisaðstoð samkvæmt EES-samningnum og mælti svo fyrir að “umtalsverður hluti” skattfríðindanna skyldi endurheimtur hjá viðkomandi fyrirtækjum.

Dómstóllinn staðfesti því ákvörðun ESA sem tekin var þann 30. júní 2004. Hún varðaði norska löggjöf um skatt á rafmagn fjárhagsárin 2001, 2002 og 2003. Samkvæmt henni fengu ákveðnar iðngreinar, þ.e. námu- og framleiðslufyrirtæki, undanþágu frá almennum skatti á rafmagn. Slíkar undanþágur höfðu verið veittar frá því fyrir gildistöku EES-samningsins. Með samkomulagi sem ESA og Noregur gerðu sín á milli á grundvelli 1. málsgreinar 1. greinar bókunar 3 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls skuldbatt Noregur sig til að færa alla umhverfisaðstoð til samræmis við almennar leiðbeiningarreglur um umhverfisaðstoð, sem ESA gaf út, fyrir 1. janúar 2002. Í ákvörðun ESA kom fram að þar sem Noregur hefði ekki aðlagð áðurgreindar skattundanþágur að leiðbeiningarreglunum fyrir tilsett tímamörk hefði Noregi borið að tilkynna stofnuninni um þær eftir þann tíma. Samkvæmt ákvörðun ESA fólu skattundanþágurnar í sér ríkisaðstoð sem var ósamrýmanleg EES-samningnum og þeim leiðbeiningarreglum sem Noregur hafði skuldbundið sig til að fylgja. ESA mælti svo fyrir að Noregur endurheimti ríkisaðstoðina frá þeim fyrirtækjum sem hennar nutu. Norska ríkið, Samband norskra framleiðslufyrirtækja og fjöldi fyrirtækja í framangreindum starfsgreinum kröfðust þess fyrir EFTA-dómstólnum að ákvörðun ESA yrði ógilt hvað þessi atriði varðar.

Í dómi sínum taldi EFTA-dómstóllinn að lækkun kostnaðar hjá ákveðnum iðngreinum í formi skattundanþágu fæli í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Slíkar ívilnanir sem væru takmarkaðar við ákveðnar greinar atvinnulífsins samræmdust ekki þeim grunnrökum og sjónarmiðum sem rafmagnsskatturinn var byggður á. Heildar markmið skattkerfisins um umhverfisvernd næðist ekki fram með því að undanþiggja tvær orkufrekar greinar skattinum. Þá hefðu aðrar greinar sem voru í sambærilegri stöðu, t.d. þjónustu- og byggingaiðnaðurinn, ekki notið sama hagræðis. Dómstóllinn komst jafnframt að þeirri niðurstöðu að ríkisaðstoðin væri til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli EES ríkjanna (þ.e. aðildarríkja Evrópubandalagsins og EFTA ríkjanna þriggja sem eru aðilar að EES-samningnum) og raskaði samkeppni.

Að því er varðar þau fyrirmæli ákvörðunar ESA að Noregi bæri að endurheimta ríkisaðstoðina, var grundvallarspurningin sú hvort slík fyrirmæli hefðu næga lagastoð.

Taldi ESA skyldu til endurheimtu leiða af samkomulagi því sem Noregur gerði við ESA um að aðlaga löggjöf sína að leiðbeiningareglum stofnunarinnar fyrir 1. janúar 2002. Vísaði ESA í því sambandi m.a. til dómafordæmis dómstóls Evrópubandalaganna í málinu nr. C-313/90 CIRFS. Þessu andmæltu sóknaraðilar sem bentu m.a. á að samkomulagið hefði ekki verið nægilega skýrt að því er varðaði skyldur Noregs til aðgerða eða þær afleiðingar sem brot á samkomulaginu leiddi til. Bentu þeir m.a. á að leiðbeiningareglurnar sem samkomulagið vísaði til væru of almennar og tilgreindu ekki hvaða löggjöf þær vörðuðu. Samkomulagið gæti því ekki haft í för með sér svo alvarlegar afleiðingar sem endurheimtu.

Í úrlausn dómstólsins kemur fram að útgáfa almennra leiðbeiningarreglna sé einn þáttur í þeirri stöðugu samvinnu sem fram eigi að fara á milli ESA og EFTA/EES ríkjanna á sviði ríkisaðstoðar samkvæmt 1. málsgrein 1. greinar bókunar 3 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þó ESA þurfi ekki í öllum tilvikum að framkvæma sérstakt mat á hverju styrkjakerfi fyrir sig þá leiði það af 3. gr. EES-samningsins að stofnuninni beri skylda til samstarfs og samráðs við ríkin. Í úrlausn sinni vísaði dómstóllinn meðal annars til þess að aðeins tvö önnur styrkjakerfi hefðu verið við lýði á þeim tíma sem máli skipti og gátu fallið undir leiðbeiningarreglurnar, auk þess sem umfangsmikil upplýsinga- og skoðanaskipti um leiðbeiningarreglurnar og norska skattkerfið fóru fram milli ESA og norskra yfirvalda bæðir fyrir og eftir að leiðbeiningarreglurnar voru gefnar út. Taldi dómstóllinn að við þær aðstæður sem hér var lýst hefði samningurinn sem gerður var milli Noregs og ESA verið fullnægjandi lagalegur grundvöllur fyrir endurheimtu, að því gefnu að meginreglan um vernd lögmætra væntinga þiggjenda ríkisaðstoðarinnar væri virt. Var það niðurstaða dómstólsins að sú meginregla hefði ekki verið brotin í málinu.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA dómstólsins: www.eftacourt.lu.

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.